

FUNDARGERÐ

238. stjórnarfundur Ríkisútværpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 23. febrúar 2022 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Björn Ólafsson, Mörður Áslaugarson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Jón Ólafsson, Brynjólfur Stefánsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Guðlaugur G. Sverrisson og Margrét Tryggvadóttir í fjarveru Marðar Árnasonar. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útværpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1) Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var borinn upp og samþykkt.

2) Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í janúar. Gert hafði verið ráð fyrir 50 m.kr. tapi á rekstri í mánuðinum en það reyndist vera 24,5 m.kr. Helsta skýringin sé gengishagnaður þar sem íslenska krónan styrktist í mánuðinum. Tekjur voru 4,3 m.kr. yfir áætlun og gjaldaliðurinn var 2,3 m.kr. yfir áætlun. Fjármagnsliðir voru 23,9 m.kr. undir áætlun. Horfur á næstu vikum séu góðar í auglýsingasölu en á sama tíma megi búast við auknum útgjöldum vegna reksturs fasteignarinnar, s.s. vegna viðbragða við óveðrum í febrúar.

Ákveðið var að halda fund stjórnar um ársuppgjörið 2021 þann 18. mars kl. 12:00.

3) Minnisblað útværpsstjóra

Útværpsstjóri fór yfir helstu verkefni undanfarin mánuð. Ráðið var í störf fréttastjóra og dagskrárstjóra Rásar 2. Rætt var um hvort það hafi verið greint nánar af hverju það voru svona fáir umsækjendur. Útværpsstjóri fór yfir nokkur atriði sem gætu hafa spilað inn í en nefndi engu að síður að það hafi verið sterkir og mjög hæfir umsækjendur um báðar stöður.

Stefnumótunarninnan sé komin vel af stað og hafi stjórnin hist á vinnufundi fyrr í mánuðinum og hafi framkvæmdastjórnin átt vinnufund í síðustu viku.

Jafnlaunavottun RÚV var endurnýjuð 14. febrúar sl. RÚV nær áfram jafnlaunamarkmiðum sem sé að launamunur sé sem minnstur eða innan við 2%. Óleiðrætta launabilið minnkaði einnig verulega hjá RÚV á síðasta ári á milli launagreininga sem framkvæmdar voru í mars og september.

Tölur úr viðmælendagreiningu fyrir allt árið 2021 liggja nú fyrir en kynjahlutfall viðmælenda sé birt opinberlega á þriggja mánaða fresti. Í dagskrá og fréttum sé hlutfallið 57% karlar og 43% konur. Ef einungis sé litið til dagskrá RÚV sé hlutfallið 51% karlar og 49% konur.

Nýr samningur við Myndstef var undirritaður í síðustu viku. Um sé að ræða samningskvaðasamning sem veitir RÚV heildarleyfi til þess að birta verk eftir höfunda og greiðir fasta árlega greiðslu fyrir.

Þá var rætt um yfirlýsingu útværpsstjóra og fréttastjóra vegna þess að ritstjóri Kveiks, auk annarra blaðamanna, hafi fengið stöðu sakbornings.

Í lokin voru drög að síðareglum RÚV ræddar og hvatti útværpsstjóri stjórnarmenn að komi ábendingum á framfæri til sín. Starfshópurinn sem skipaður var á síðasta ári hafi einnig haft drögin til skoðunar sem hafa komið sínum athugasemdum á framfæri. Útværpsstjóri sér fram á að hægt verði að afgreiða reglurnar í næsta mánuði.

Jóhanna Hreiðarsdóttir

Björn Ólafsson

Gudmundur
Márt

Jón Ólafsson

4) Önnur mál

Stjórn ákvað að aðalfundur RÚV 2022 verði haldinn 26. apríl kl. 16:00.

Fundi slitið.

Gudr. G. Guðmundsson
Jóh. J. Ólafsson
Ulfur Úlfur